

Klausturbleikja
Klausturvegi 5
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 8. janúar 2021
UST202003-118/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1.12.2020, hjá Klausturbleikju

Þann 1. desember sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Klausturbleikju, Teygingalæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Eftirlitsaðili skal halda skráningar og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Ábending var gerð vegna skráninga á úrgangi í eftirliti 2018. Skráningum vegna þess er enn ábótavant. Einnig voru skráningar um framleiðslumag og afföll, fóðurnýtingu, innihald köfnunarefnis og fosfórs í fóðri og teikningar af frárennsli ekki aðgengilegar í eftirlitinu.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Mælingar skal gera í frárennsli og viðtaka annað hvert ár. Greina skal aukningu svifagna, sbr. gr. 2.7, og TOC (eða COD). Svifagnir og COD voru mældar í frárennsli fyrir og eftir hreinsun í janúar 2019 en ekki hefur verið mælt í viðtaka.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirliti vegna ársins 2018 var ekki skilað fyrir 1. maí 2019. Grænu bókhaldi var skilað 16.4.19 en skráningar þess voru ekki fullnægjandi til að hægt væri að taka það gilt sem skil ársyfirlits, þrátt fyrir frávik sama efnis í eftirliti 2018.
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirliti vegna ársins 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí 2020. Grænu bókhaldi var skilað 30.4.19 en skráningar þess voru ekki fullnægjandi, til að hægt væri að taka það gilt sem skil ársyfirlits, þrátt fyrir frávik sama efnis í eftirliti 2018.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. febrúar 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur